

Í ljósi þeirra erfiðu stöðu sem skapast hefur á Suðurnesjum í kjölfar Covid-19 faraldursins, með auknu atvinnuleysi, gera Krabbameinsfélagið (KÍ), aðildarfélag þess á Suðurnesjum, Reykjanesbær og Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) sér eftirfarandi

samkomulag um samstarf

Greining og meðferð krabbameina er krefjandi ekki bara líkamlega heldur einnig sálrænt og félagslega.

Á vegum Krabbameinsfélags Íslands, Ráðgjafarþjónustu, býðst sjúklingum og aðstandendum ráðgjöf og stuðningur hjá þverfaglegu ráðgjafarteymi sem samanstendur af hjúkrunarfræðingum, sálfræðingi, kynfræðingi, lýðheilsufræðingi og félagsráðgjafa. Mikið er lagt upp úr jafningastuðningi í gegnum stuðningsnet félagsins, stuðningshópa og aðildarféлага þess. Það er vilji félagsins að aðgengi að þessari þjónustu sé sem best um land allt, í samvinnu við aðildarfélög.

Ráðgjafi frá KÍ verður í húsnæði Reykjanesbæjar tvo daga í mánuði, að jafnaði frá kl. 10 til 15:00. Markmiðið er að mæta sem best þörfum sjúklinga í krabbameinsmeðferð og aðstandenda þeirra. Ef betur hentar getur viðvera ráðgjafa í einhverjum tilvikum færst að hluta til í aðstöðu Krabbameinsfélags Suðurnesja.

Ráðgjafinn sinnir þjónustu við sjúklinga og aðstandendur í aðstöðu sem Reykjanesbær útvegar, KÍ að kostnaðarlausu. Aðstaðan er fullbúið viðtalsherbergi, með viðtalsaðstöðu, nettengdri tölvu og hvíldarstól.

Ráðgjafi er starfsmaður KÍ sem ber á honum fulla ábyrgð og kostnað. Reykjanesbær ber enga ábyrgð á störfum hans eða stendur straum af kostnaði, öðrum en þeim sem hlýst af aðstöðu og aðgangi starfsmanns að kaffi og mötuneyti starfsmanna Reykjanesbæjar.

Ráðgjafi frá KÍ sinnir störfum sínum í samræmi við vinnureglur Ráðgjafarþjónustu Krabbameinsfélagsins m.a. varðandi skráningu á fjölda viðtala og viðlíka. Hann hefur ekki aðgang að gögnum um skjólstæðinga sem kunna að vera til hjá Reykjanesbæ, HSS eða annars staðar.

Ráðgjafi undirritar þagnarskyldu hjá Reykjanesbæ.

Starfsmenn Reykjanesbæjar, starfsmenn HSS og fulltrúi Krabbameinsfélags Suðurnesja kynna þjónustuna fyrir sjúklingum og aðstandendum. Miða skal að því að mæta sem best þörfum sjúklinga í krabbameinsmeðferð og aðstandenda þeirra. Þjónustan nær líka til þeirra sem hafa lokið meðferð og eru að glíma við síðbúna fylgikvilla sem og aðstandendur sem hafa misst nán ástvin úr krabbameini. Óskir um viðtöl geta komið frá sjúklingum og aðstandendum eða með milligöngu heilbrigðisstarfsfólks á HSS eða fulltrúa krabbameinsfélags Suðurnesja. Ekki er um að ræða þjónustu sem kemur í staðinn fyrir það sem er í boði á svæðinu heldur er um að ræða viðbót.

Amk
KMK

Samkomulag þetta er tímabundið til 31. desember 2020 og skal þá metið með möguleika á framlengingu eða endurskoðun.


Reykjavík, 11. maí 2020

fyrir hönd Reykjanesbæjar




BEIARSTÍÐI
REYKJANESBÆ

fyrir hönd Krabbameinsfélags Suðurnesja



fyrir hönd Krabbameinsfélags Íslands



fyrir hönd Heilbrigðisstofnun Suðurnesja

